

Skógræktin  
Miðvangi 2-4  
700 Egilsstaðir



19. júní 2021

## Efni: Umsögn um Landsáætlun í skógrækt 2021-2025

Landsáætlun í skógrækt 2021-2025 er til umsagnar á vef Skógræktarinnar. Landgræðslan fagnar nýrri landsáætlun og hefur kynnt sér tillöguna. Umsögn stofnunarinnar byggir á lögum um landgræðslu nr. 155/2018, einkum er lýtur að því að vernda, endurheimta og bæta þær auðlindir þjóðarinnar sem fólgnar eru í gróðri og jarðvegi og tryggja sjálfbæra nýtingu lands. Jafnframt eru drög að Landgræðsluáætlun 2021-2031 höfð til hliðsjónar við umsögnina. Landgræðslan vill koma á framfæri eftirfarandi ábendingum varðandi tiltekin atriði í áætluninni:

- I. Að skýrari greinarmunur verði gerður á skógrækt þar sem tilgangurinn er endurheimt náttúruskóga og á hefðbundinni nytjaskógrækt - landbúnaði. Betur þarf að skilgreina hvernig þessum mismunandi flokkum skógræktar er áætlað að uppfylla markmið áætlunarinnar og það hverskonar svæði er áætlað að nýta undir hvern flokk. Landgræðslan leggur áherslu á vernd og endurheimt skógarvistkerfa og myndi vilja sjá meiri og skýrari áherslur á vernd náttúruskóga landsins og aukningu í útbreiðslu þeirra, sérstaklega á stórum samfelldum svæðum, með því að ýta undir sjálfræðslu.
- II. Að gera þarf skýrari grein fyrir því hvernig tekið sé tillit til líffræðilegrar fjölbreytni og náttúru Íslands við skipulag og áætlun skógræktar. Í séráliti tveggja fulltrúa í verkefnisstjórn um Landsáætlun í skógrækt er gerð góð grein fyrir sérstöðu íslenskrar náttúru og mikilvægi líffræðilegrar fjölbreytni á mismunandi skipulagsstigum, m.a. að fjölbreytt búsvæði á Íslandi hafa haft áhrif á þróun lífvera þannig að oft er mikil fjölbreytni innan tegunda. Einnig er mikilvægt að tryggja að hugsað sé að landslagsheildum, þar sem slíkt fellur undir samning SP um líffræðilega fjölbreytni. Þá er mikilvægt að við val á trjátegundum til skógræðslu sé gætt að erfðafræðilegri fjölbreytni kvæma, einkum birkis, og leitast við að nota staðarkvæmi sé þess kostur.
- III. Að ekki sé augljóst að alltaf fari saman markmið um kolefnisbindingu og skógrækt og að mikið vanti upp á að kolefnisferlar í jarðvegi séu þekktir. Meta þarf hver binding er í ofanjarðar- og neðanjarðarkolefnisgeymum skógarins, þ.e. bæði í trjám og jarðvegi. Skoða þarf hver líftími þessara geyma er út frá mismunandi nálgunum varðandi staðarval, tegundaval, umhirðu og lokanýtingu, þ.e. hversu langur tími líður þar til kolefni sem áður var bundið í gróðri og jarðvegi er komið aftur út í andrúmsloftið. Inn í þetta mat þarf að taka sjálfsáningu þeirrar tegundar sem til skoðunar er. Án þess að þessir þættir séu skoðaðir sérstaklega er ekki hægt að fullyrða að væntingar varðandi

kolefnisbindingu náist. Landgræðslan leggur áherslu á að þó kolefnisbinding sé mikilvægt markmið í landgræðslu og skógrækt, þá eru jafnframt aðrir þættir sem verður að meta jafngilda þegar litið er til framkvæmdar og árangurs. Þetta eru þættir sem snúa að viðhaldi og varðveislu líffræðilegrar fjölbreytni íslenskra vistkerfa og viðhaldi og eflingu ýmissa annarra vistkerfisþjónusta. Ef farið er af stað með verkefni sem miðar að kolefnisbindingu á forsendum kolefnisbindingar eingöngu þá er hættu á að önnur ofantalin markmið muni smám saman víkja.

- IV. Að í Landsáætlun um skógrækt er sagt að ágengar trjátegundir verði ekki notaðar í skógrækt, en Landgræðslan telur að gera þurfi grein fyrir því í áætluninni hvernig það verði gert. Jafnframt er fullyrt að þær tegundir sem nú eru notaðar í skógrækt séu ekki ágengar. Landgræðslan telur að það þurfi að fara fram greining á mögulegum langtímaáhrifum þeirra tegunda sem nú eru notaðar á innlend vistkerfi og hvort þær séu hugsanlega ágengar þegar horft er til lengri tíma. Þróun á útbreiðslu framandi ágengra tegunda hefur verið lýst þannig að langur tími geti liðið, jafnvel margir áratugir, frá því hún berst inn á nýtt svæði og þar til hún fer að dreifast hratt út. Þetta tímabil kallast taffasi (e. lag-phase) og í stjórnun ágengra tegunda er lögð áhersla á að meta áhættuna á því hvort framandi tegund sé líkleg til að verða ágeng áður en hún kemst á það stig að hún breiðist út með veldisvexti (e. log-phase). Það getur reynst erfitt að spá fyrir um ágengni tegunda en á síðari árum hefur verið lögð áhersla á mikilvægi þess að meta tegundir út frá því hvort þær hafi sýnt af sér ágengni í öðrum löndum þannig að unnt sé að bregðast tímalega við.
- V. Að sérstaklega hefði þurft að fjalla um stafafuru (*Pinus contorta*) og mögulega áhættu af mikilli notkun hennar í skógrækt á Íslandi vegna þess að hún hefur verið flokkuð sem ágeng í mörgum löndum og talin ein mest ágenga trjátegund í heiminum. Það má leiða líkur að því að stafafura sé í taffasa hérlendis og þá væri mikilvægt að tryggja að hún fari ekki í veldisvöxt. Nefndar hafa verið hugmyndir um að skilgreina hana sem landgræðslutegund og vill Landgræðslan vara við að nota tegund í uppgræðslu þegar einhverjar líkur eru á að hún sé eða verði ágeng. Þá vantar að sett sé fram áætlun um hvernig verði brugðist við ágengri tegund. Það er ekki ásættanlegt að vísa til reynslu við eyðingu trjáa á Þingvöllum og í Ásbyrgi sem fullnægjandi aðgerð í stjórnun ágengra tegunda. Í þessu sambandi má benda á fjárfrek og stór verkefni sem aðrar þjóðir hafa þurft að ráðast í til að halda útbreiðslu barrtrjáa í skefjum, t.d. stafafuru og fleiri tegunda í fjöllum Nýja Sjálands þar sem hún hefur borist inn í hnignuð innlend graslendi og úthaga (<https://www.mpi.govt.nz/biosecurity/long-term-biosecurity-management-programmes/wilding-conifers/>).
- VI. Að í Landsáætlun um skógrækt er ekki sett fram nægilega afdráttarlaus stefna um að skógrækt sé ekki stunduð í framræstu votlendi. Það er þvert á stefnu stjórnvalda þar sem sérstaklega er lögð áhersla á vernd og endurheimt lykilvistkerfa svo sem votlendis (og náttúruskóga). Það er einnig í mótsögn við markmið ýmissa alþjóðlegra samninga sem Ísland er aðili að og hefur skuldbindingar gagnvart og vísað er til í Landsáætluninni s.s. Rammasamnings sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni (UN-CBD), Landslagssamnings Evrópu, AEWA samningsins og Ramsarsamningsins. Í umhverfismati áætlunarinnar í kaflanum *Ásýnd lands/útsýni*, kemur fram: „Gert er ráð fyrir að skógur njóti meiri forgangs en hingað til, umfram margt annað í landnotkun vegna áherslunnar á að ná kolefnishlutleysi fyrir 2040. Tillit verður áfram tekið til verndar líffjölbreytni og fornleifa og skógur felldur að landslagi. Ekki verði land ræst

fram til skógræktar en á þegar framræstu landi verði metið hvort skógrækt eða endurheimt votlendisins skili betri árangri m.t.t. loftslagsmála.“ Til þess að hægt sé að gera slíkt mat er þörf á að taka með í reikninginn breytingar á bæði ofanjarðar- og neðanjarðar kolefnisgeymum og eins hversu lengi það kolefni sem binst í ofanjarðarhlutanum er geymdur. Auk þess sem þetta er í mótsögn við aðra samninga og markmið stjórnvalda sem tilgreind eru í Landsáætluninni.

- VII. Í ljósi ofangreindra ábendinga stofnunarinnar, sérstaklega er varðar mögulega notkun ágengra tegunda í skógrækt, telur Landgræðslan að Landsáætlun í skógrækt falli ekki eins vel að lögum um landgræðslu nr. 155/2018 og æskilegt væri. Er þá sérstaklega horft til 3. gr. laganna en þar er fjallað um markmið um endurheimt og uppbyggingu vistkerfa á landi. Í a-lið þeirrar greinar kemur t.a.m. fram að til að efla vistkerfi landsins skuli stefnt að því að byggja upp og endurheimta vistkerfi sem hafa raskast og líffræðilega fjölbreytni þeirra. Eins og sjá má af ákvæðinu, og skýrlega er kveðið á um í athugasemdum í frumvarpi til landgræðslulaga, tekur ákvæðið mið af meginreglum náttúruverndarlaga og reglum um aðgæsluskyldu við dreifingu framandi lífvera.

Landgræðslan telur að í séráliti þeirra Tómasar Grétars Gunnarssonar og Salvarar Jónsdóttur komi fram fjölmargar gagnlegar ábendingar varðandi sérstöðu íslenskrar náttúru sem vert er að taka tillit til og styrkt geta Landsáætlun í skógrækt 2021-2025. Jafnframt er Landgræðslan reiðubúin til að veita frekari upplýsingar og ráðgjöf um þá þætti er að verksviði hennar snúa, um jarðvegs- og gróðurvernd, uppgræðslu, vernd og endurheimt vistkerfa, varnir gegn landbroti og sjálfbæra nýtingu lands, sé þess óskað.

Virðingarfyllt

f.h. Landgræðslunnar



---

Árni Bragason